

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í töluliðum 3., 5., 7., 13., 14., 16., 17., 18., 20., 22. 13. og 26. tölul. í IX. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Eftirtalдар EB-gerðir öðlast því gildi hér á landi, sbr. 1. gr.:

a. tilskipun ráðsins 71/318/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gasrúmmálmæla;

b. tilskipun ráðsins 71/347/EBE frá 12. október 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að ákvarða hektólítrabyngd kornvöru;

c. tilskipun ráðsins 71/349/EBE frá 12. október 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um kvörðun á tönkum skipa;

d. tilskipun ráðsins 75/107/EBE frá 19. desember 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi flöskur (ílát) sem notaðar eru sem mælikeröld;

e. tilskipun ráðsins 75/410/EBE frá 24. júlí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi samfelldan samlagningarvogarbúnað;

f. tilskipun ráðsins 76/764/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kröfur til kvikasílfurs glerhitamæla með "maxima" álestri;

g. tilskipun ráðsins 76/765/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi alkóhólmæla og alkóhól- flotmæla;

h. tilskipun ráðsins 76/766/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi alkóhól- töflur;

i. tilskipun ráðsins 77/95/EBE frá 21. desember 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gjaldmæla leigubíla;

j. tilskipun ráðsins 78/1031/EBE frá 5. desember 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sjálfvirkar gátvigtunar- og þyngdarflokkunarvélar;

k. tilskipun ráðsins 86/217/EBE frá 26. maí 1986 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælitæki til mælinga á loftþrýstingi í hjólbörðum vélknúinna ökutækja.

3. gr.

EB-gerðir, sem vísað er til í 1. og 2. gr., eru birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, öðlast þegar gildi.

- Viðskiptaráðuneytið, 28. febrúar 1994. -

- F. h. r. -

- Þorkell Helgason. -

- Sveinn Þorgrímsson. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.